

**106** ufsa, karfa, keilu, háfi og steinbit, en sem svarar samanlögðu 10% — tíu af  
13. sept. hundraði — af þunga aflans.

2. gr.

Atvinnumálaráðherra getur veitt undanþágu frá ákvæðum 1. gr. þegar á-  
stæður mæla með.

3. gr.

Brot gegn 1. gr. reglugerðar þessarar varðar sektum frá 1000 til 10000 kr.

4. gr.

Mál út af brotum gegn reglugerð þessari skulu sæta meðferð almennra  
lögreglumála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 88, 19. júní 1933, til þess að  
öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. september 1934.*

Haraldur Guðmundsson.

*Vígfús Einarsson.*

**107**

15. sept.

## FJALLSKILAREGLUGERÐ

fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) og þær jarðir í Biskupstungna-  
hreppi, er liggja sunnan Hvítár í Árnessýslu.

### I. KAFLI

Um afrétti og heimildir fyrir notkun þeirra.

1. gr.

Um afrétti.

Deir eiga afrétt, sem að fornu hafa átt. Afréttur Hrunamannahrepps er  
milli Hvítár og Stóru-Laxár, afréttur Flóa- og Skeiðamanna milli Stóru-Laxár  
og Fossár, afréttur Gnúpverja milli Fossár og Þjórsár. Að öðru leyti fara mörk  
afréttanna eftir landamerkjaskrá og fornri venju. Austasti hluti af afrétti Flóa-  
og Skeiðahreppa er sérstaklega nefndur Skeiðamannaafrefttur.

2. gr.

Um upprekstrarskyldu.

Deir, sem nægilegt afréttarland eiga fyrir þann búpening sinn, er þeir þurfa  
ekki að hafa heima á sumrum, eða geta fengið leigðan afrétt fyrir hann, skulu  
reka til afréttar geldfé sitt, lömb og dilkær, svo og stóðhross, nema þeir hafi

sauðhelda girðing, að dómi hreppsnefndar, fyrir þennan fénað sinn, eða fái leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar til þess að hafa hann í heimahögum. **107**

15. sept.

## 3. gr.

**Um upprekstrarbann.**

Eigi má reka hross á afrétt Flóa- og Skeiðamanna fyrir innan Dalsá, nema með samkomulagi við hreppsnefnd Gnúpverjahrepps.

Enginn má reka sauðfé annara manna inn fyrir afréttargirðinguna án leyfis eiganda, nema alrúð sé og markað, og hross alls ekki.

## 4. gr.

**Um ítölu.**

Enginn má ljá öðrum ítölu sína í afrétti nema með leyfi hlutaðeigandi hreppsnefndar, enda sé afréttarland viðurkennt nægilegt.

Enginn má heldur leyfa öðrum sumarreit fyrir afréttarfé í heimalandi sínu, án leyfis allra nágretta sinna og hreppsnefndar, nema í sauðheldri girðingu sé.

## 5. gr.

**Um yrkingu afrétta.**

Enginn má yrkja eða nota afréttarlönd til annars en beitar að sumrinu, nema með leyfi hreppsnefnda þeirra sveita, er afréttinn eiga.

**II. KAFLI****Um upprekstra til afrétta.**

## 6. gr.

**Um rekstartíma.**

Í öllum hreppum má reka til afréttar þegar hlutaðeigandi hreppsnefndir leyfa.

## 7. gr.

**Um rekstrarstaði.**

Á Hrunamanna- og Gnúpverjafrétti skal reka í þá staði, sem hreppsnefndir þeirra hreppa ákveða með ráði hreppsþænda. Á Flóamannafrétt skal reka á þessa rekstrarstaði: Sandvíkurhreppur í Kamb, Hraungerðishreppur í Kiljansfitjar, Villingaholtshreppur innst í Hesfjallaver, Gaulverjabæjarhreppur í Kinnarver, Stokkseyrarhreppur í Kinn, Skeiðahreppur í Fossárdal.

Eyrarbakkahreppur telst hér með Stokkseyrarhreppi svo sem þeir væri 1 hreppur. Svo er og hvarvetna annarsstaðar í reglugerð þessari.

## Um rekstrarmenn.

Hverjum rekstri fylgi nægilega margir menn, eftir því sem hreppsnefndir ákveða, sömuleiðis nægilega útbúnir að hundum, hestum og öðru.

## Um rekstrarforingja.

Einn sé foringi fyrir hverjum rekstri. Hann skipar fyrir um alla nánari tilhögun á rekstri þeim, sem honum er trúað fyrir, og sér um, að reglum þessum sé hlýtt og ber ábyrgð á því. Sérstaklega ber honum að sjá um, að rekstrunum sé haganlega dreift, og ær látnar taka lömb sín.

## Um reksturinn.

Reka skal hægt og gætilega og æja svo oft, sem þörf gerist. Eigi má að óþörfu reka yfir engjar og aldrei æja í slægjulöndum. Eigi má skilja fé eftir í heimalöndum, sem um er farið, nema brýn nauðsyn sé til sökum þess, að fé sýkist á leiðinni, en þá skal látið vita um það og beðið fyrir það á næstu bæjum. Eigi má heldur hleypta óviðkomandi fé saman við rekstra. Fari fé saman við reksturinn, og rekstrarmenn geti ekki skilið það frá, skal leita aðstoðar af næstu bæjum, ef í byggð er, og er öllum skylt að veita rekstrarmönnum slíkt lið ókeypis, ef unnt er.

## Um eftirskilið fé í heimalöndum.

Ef rekstrarmenn skilja fé eftir af rekstrinum í heimalöndum án ráðstöfunar, taka hlutaðeigandi bændur það til gæzlu og tilkynna það jafnframt hreppsnefnd sinni. Ráðstafar hún þá fénu. Rétt er að hún láti reka féð á réttan afrétt á kostnað þeirra, er féð skildu eftir, ef það hefir verið skilið eftir að nauðsynjalaus. Liggur sá reikningur undir úrskurð sýslumanns, og heimtar hann endurgjaldið af hlutaðeigendum, svo og ákveður sekt, ef þurfa þykir.

## III. KAFLI

## Um fjallskil.

## Um skyldur til fjallskila.

Öllum, sem jörð hafa til ábúðar eða umráða, og öllum, sem hafa sauðfé undir höndum og hross, sem rekin eru til afréttar, er skylt að taka þátt í fjallskilum, eftir því sem hreppsnefndir skipa fyrir um. Leggja skal að minnsta

kosti  $\frac{1}{3}$  alls fjallskilakostnaðar á jarðir, miðað við landverð þeirra eftir gildandi fasteignamati, eins þótt ábúandi þeirra eða umráðandi noti ekki afréttinn. Þó er hreppsnefnd heimilt að undanskilja fjallskilum það, sem jarðir hafa hækkað í verði fyrir hlunnindi eða lóðarsölu. **107**  
15. sept.

Fjallskil skal leggja á sauðfé og afréttarhross eftir tölu við fóðurskoðun, þar sem það er fóðrað að vetrinum, nema það sé haft heima í sauðheldum girðingum, sem að dómi hreppsnefndar þykja fullgildar, eða rekið á annan afrétt, og fjallskil gerð af því þar. Þó skal ávallt gera af því  $\frac{1}{3}$  fjallskila.

Heimilt er hverjum þeim, sem fjallskilum er jafnað á, að bera upp við hlutaðeigandi hreppsnefnd aðfinningar um hvernig fjallskilunum er jafnað á aðra eða sjálfan hann, eða einhverjum hafi verið ranglega sleppt. Sú kæra skal koma bréflaga til oddvita innan 4 vikna frá fjallskilafundi (sbr. 13. gr.). Hreppsnefnd leggur síðan úrskurð á kærana og sendir kæranda eftirrit af úrskurðinum. Úrskurði hreppsnefndar um fjallskilakærana má skjóta til sýslunefndar, og skal það gera skriflega innan ársloka. Sýslunefndin leggur síðan á næsta fundi fullnaðarúrskurð á málið.

Eindagi fjallskila er 30. september.

Enginn sá, er fjallskil eru lögð á, getur komið hjá að greiða þau á eindaga, þótt hann hafi kært yfir fjallskilaupphæðinni, og lagt það mál undir úrskurð sýslunefndar. Ef sýslunefndin lækkar fjallskilin, skal endurgjalda gjaldþegni það, er hann hafði greitt fram yfir upphæð þá, er sýslunefndin gerði honum að greiða.

### 13. gr.

#### Um undirbúning fjallskila.

Hver hreppsnefnd heldur almennan fjallskilafund í sveit sinni, að minnsta kosti viku áður en fjallleitir byrja. Til fundar þessa sé boðað með nægum fyrirvara, ef ekki er fastákveðinn fundardagur í þessu skyni. Á fundi þessum birtir hreppsnefndin alla sérstaka tilhögun, sem höfð verður við fjallsöfnun í það sinn.

Oddvitar allra hreppsnefnda í Flóa og á Skeiðum komi saman á afréttar-málafund í ágústmánuði ár hvert. Í stað oddvita má þó senda annan mann, er hlutaðeigandi hreppsnefnd kýs. Oddviti Hraungerðishrepps boðar til fundarins og ákveður stund og stað.

### 14. gr.

#### Um fjallkonga.

Hreppsnefndir ráða fjallkonga, eða umsjónarmenn aðalleitanna, einn eða fleiri, eftir því sem hagar á hverjum stað, og getur enginn, sem til þess er fær, skorazt undan slíkum starfa. Fjallkongar fara eftir fyrirskipunum hreppsnefndanna, það er þær ná, en í afrétti hafa þeir öll ráð og umsjón á hendi um allt, er að leitunum lýtur. Þeir skipa í leitir og stjórna leitum og rekstri fjárins til rétta. Þeir hafa og, með ráði hreppsnefndar og hreppstjóra umsjón við réttahöldin í aðalréttum. Ef menn sýkjast í fjallleitum, ef slys verða, ef óvenjulegar hættur

- 107** koma fyrir eða einhvern vanda ber að höndum, ráða fjallkongar hvað til bragðs  
 15. sept. skuli taka, með ráði þeirra fjallmanna, sem þeir treysta bezt. En eigi bera fjall-  
 kongar ábyrgð á ráðstöfunum sínum nema varði við lög. Rétt er að fjallkongar  
 fái þóknun af sveitarsjóði eða fjallskilasjóði. Hreppsnefndir eða fjallkongar ráða  
 aðra umsjónarmenn við fjallasöfn, eftir því sem á stendur, og hafa þeir sömu  
 skyldur og völd sem fjallkongar, það, sem þeirra verkahringur nær. Ef fjall-  
 kongur eða leitarforingi fatlast, svo að hann getur ekki aðstaðið, þá kjósa leitar-  
 menn annan í hans stað. Ef ágreiningur verður, þá ræður afl atkvæða, og er sá  
 rétt kjörinn, sem fær flest atkvæði.

## 15. gr.

## Um fjallmenn.

Sérhver maður, sem sendur er í fjalleitir, þarf að vera með fullri heilsu og  
 verkgreind og vel útbúinn að öllu leyti. Á fjallskilafundinum eða fyrir fjall-  
 ferð skulu allir þeir, sem menn eiga að leggja til fjalleita, segja til hvern mann  
 þeir láti fara. Segir þá fjallkongur til, ef sá maður þykir eigi gildur, en hrepps-  
 nefnd sker úr ef á greinir. Vilji viðkomandi ekki láta duglegri mann, ef kostur  
 er á að fá hann, þá kaupir hreppsnefndin fjallmann á hans kostnað.

## 16. gr.

## Um skyldur fjallmanna.

Skylt er hverjum fjallmanni að vera þar í göngu sem fjallkongur skipar  
 honum, sé hann til þess fær, og smala vandlega svæði það er hann skal leita.  
 Skylt er fjallmönnum að sýna fjallkongi sínum, og öðrum þeim, sem yfir þá  
 eru skipaðir, tregðulausa hlýðni í öllu því er þeir geta. Geri þeir sig seka í óhlýðni  
 eða einhverju ósæmilegu framferði, þá getur fjallkongur, með ráði fjallmanna  
 sinna, gert þá ræka. Er þá svo á að líta sem hlutaðeigandi bóndi hafi engin  
 fjallskil gert. Komi þetta fyrir í aðalfjallsafni, borgi sá, er slíkan mann hefir  
 sent, fjallskilin fullu verði.

Vanti menn í eftirsafn eða eftirleit, eða sé gerður rækur áður en farið er  
 úr byggð, þá skal kaupa annan mann í hans stað, á kostnað þess er manninn  
 átti að láta.

## IV. KAFLI

## Um fjalleitir.

## 17. gr.

## Um skyldu til fjalleita.

Skylt er hverjum hreppi að láta þrismala sinn afrétt á hausti hverju og  
 oftár, ef þurfa þykir.

## 18. gr.

107

## Um tilhögun á fjalleitum.

15. sept.

Svo skal haga til um leitir sem venja hefir verið, nema hlutaðeigandi hreppsnefndum þyki ástæða til að breyta því, en þó mega þær breytingar eigi koma í bág við reglugerð þessa né við hagsmuni annara sveitarfélaga. — Svo skal leitum haga, þar sem því verður við komið, að sem minnstar misgöngur verði afrétta á milli.

## 19. gr.

## Um leitartímann.

Leita skal á þeim tímum sem venja hefir verið og fara svo snemma, að leitarmenn, að öllu stórforfallalaus, verði komnir í aðalréttir og skilaréttir á þeim tíma, þá er þær á að halda.

## 20. gr.

## Um leitarstaði.

Þá staði skal leita sem að fornu hefir verið, en þó má leita víðar, ef hlutaðeigandi hreppsnefndir telja þess þörf, og er enda skylt ef víðar er von kindastöðva.

## 21. gr.

## Um fjölda leitarmanna.

Landið fyrir innan Fjórðungssand smali 8 menn, 4 úr Gnúpverjahreppi og 4 úr Flóa og Skeiðum. Skulu þessir menn sérstaklega vel valdir.

Í norðurleitina milli Dalsár og Fjórðungssands senda Skeiða- og Flóahreppar sína 2 menn hvor, en Gnúpverjahreppur 5.

Afréttinn smali svo margir menn í aðalleit sem hlutaðeigandi hreppsnefndir telja þörf á.

Í eftirsafn senda Skeiða- og Flóahreppar 3 menn hver, Gnúpverjahreppur 6, en Hrunamannahreppur 12.

Í þriðju leit (eftirleit) fara á afrétt Hrunamannahrepps 4 menn, á afrétt Gnúpverjahrepps 3 menn og á afrétt Flóa- og Skeiðamanna 3 menn.

Tölu leitarmanna í annari og þriðju leit má þó breyta, ef hlutaðeigandi hreppsnefndum þykir þess þörf.

## 22. gr.

## Um tölu fjallkonga.

Á Hrunamannaafretti og Gnúpverjaafretti, hvorum um sig, er 1 fjallkongur í aðalleit, en á Flóamannaafretti 3 fjallkongar í þeirri leit: Einn í Vesturleit, annar í Austurleit og þriðji í Skeiðamannaleit. Foringja í Norðurleit fyrir innan Fjórðungssand tiltekur hreppsnefnd Gnúpverjahrepps. Hún ákveður og foringja í norðurleitina milli Dalsár og Kisu. Foringja í norðurleit Flóamanna fyrir

**107** 15. sept. framan Fjórðungssand kjósa leitarmenn sér sjálfir úr sínum flokki. — Í eftirsafni er 1 leitarforingi á hverjum afrétti. Á afréttum Gnúpverja- og Hrunamanna séu þeir tilteknir af hreppsnefndunum, en á Flóamannaafrétti kosinn af leitarmönnum.

### 23. gr.

#### Um norðurleitarmenn.

Af leitarmönnum fyrir innan Fjórðungssand gangi leitarmenn Gnúpverja í leit með sveitungum sínum, þá er kemur fram yfir Kisu. Af leitarmönnum Flóa og Skeiða í sömu leit, skulu 2 lausir við þá leit við Kisu og 2 við Dalsá. Þeir 2, sem lausir eru við Kisu, verða úr því norðurleitarmenn. Allt það fé, sem finnst fyrir innan Dalsá, taka Gnúpverjar og Skeiðamenn og reka það fram afrétt Gnúpverja og ganga úr því í leit með Gnúpverjum, undir forustu fjallkongs þeirra. Norðurleitarmenn Flóamanna, þeir er fara inn að Kisu, smala aftur öræfin inn af afrétti Flóa- og Skeiðamanna, undir stjórn þess manns, sem þeir kjósa sér sjálfir. Að þeirri leit lokinni hitta þeir Flóamenn á Fit og ganga síðan í lið með þeim.

### 24. gr.

#### Um aðstoðarleitarmenn.

Til aðstoðar Gnúpverjum í aðalleit inn að Dalsá leggja Flóa- og Skeiðamenn 2 menn duglega og vel útbúna. Sömuléiðis fá Gnúpverjar í eftirsafni til aðstoðar 2 af eftirsafnsmönnum Flóamanna. Ennfremur leggja Flóa- og Skeiðamenn til 1 valinn mann í þriðju leit (eftirleit) á afrétt Gnúpverjahrepps. Á meðan fé má óhindrað renna af Flóa- og Skeiðaafrétti á Hrunamannaafrétt, leggur hver Flóahreppanna, svo og Skeiðahreppur, til Hrunamannahrepps leitarstyrk 40 meðalálnir, er borgist í Reykjarétt ár hvert með peningum.

### 25. gr.

#### Um meðferð á annkrömuðu fé.

Þá er veikt fé eða annkrama finnst í fjalleitum, skulu þeir, er fjallkongur ákveður, koma því lifandi til byggða, ef unnt er, án þess að ganga mjög nærri því. Að öðrum kosti skal slátra því þegar í stað og flytja það af því, sem nýtilegt er, á trússhestum til rétta.

### 26. gr.

#### Um mörkun dilka á afréttum.

Þá er komið er saman fjársafnið úr leitum á afrétti, skulu fjallkongar láta marka ómarkaða dilka undir ám, þar sem því verður við komið, með sama marki sem ærnar hafa.

## 27. gr.

107

15. sept.

## Um eftirleitartolla.

Eftirleitartollar eru: Í fyrstu eftirleit: af fullorðnu fé  $\frac{1}{3}$  verðs, af lömbum  $\frac{1}{2}$  verðs, af veturgömlum tryppum og móðurlausum folöldum  $\frac{1}{4}$  verðs, af eldri hrossum  $\frac{1}{8}$  verðs. Í annari eftirleit: af fullorðnu fé  $\frac{1}{2}$  verðs, af lömbum  $\frac{2}{3}$  verðs, af veturgömlum tryppum og móðurlausum folöldum  $\frac{1}{3}$  verðs, af eldri hrossum  $\frac{1}{6}$  verðs. Hryssur með folöldum teljast ásamt folöldunum sem eldri hross. Ekki hækka eftirleitartollar úr því, þótt fleiri eftirleitir séu farnar. Af heimtum fénaði skal goldinn hálfur tollur. Verð fénaðar skulu meta 2 óvilhallir matsmenn, sem hreppsnefndir tilnefna, en heimilt er bæði eftirleitarmanni og greiðanda tollsins að áfrýja mati þeirra til 4 yfirmatsmanna, er sýslumaður kveður. Matsmenn og yfirmatsmenn skulu tilteknir fyrirfram og starfa kauplaust að því sem öðrum fjallskilum. Eftirleitartollar greiðast af andvirði skepnunnar ef eigandi spyrst ekki uppi, en ella sem annar fjallskilakostnaður af sveit eiganda. Svo er og um kostnað við hirðing fénaðar, er finnst eftir allar fyrirskipaðar leitir.

Fé úr eftirleitum skal vera tolllaust til allra þeirra, er búa á svæði því, sem reglugerð þessi nær yfir.

## 28. gr.

## Um björgun og bjarglaun.

Skýlt er sérhverjum, sem verður var við að fé sé komið í sveltí í hömrum í landareign hans eða annarsstaðar, á hverjum tíma árs sem er, að sjá um, ef eigi næst til eiganda eða hann þekkist ekki, að því sé bjargað, ef unnt er, og ber þeim, er bjargar, borgun fyrir það af eiganda eða andvirði skepnunnar eftir mati hreppsnefndar í þeim hreppi er björgun fer fram í, og sé það í afrétti, þá í þeim hreppi sem næstur er.

## 29. gr.

## Um sæluhús.

Svo skulu vera mörg sæluhús til skýlis eftirleitarmönnum á afrétti hverjum og svo útbúin sem vanir eftirleitarmenn og aðrir kunnugir menn álita nauðsynlegt. Hreppsnefndir annast um byggingu og viðhald þeirra, og skal sá kostnaður, sem af því leiðir, annaðhvort borgast með fjallskilum eða vera tekinn úr sveitarsjóði þeirra hreppa, er afréttinn eiga. Sérhver sá, sem þess verður var, að sæluhús þurfi aðgerðar, geri hlutaðeigandi hreppsnefnd aðvart um það. Eftirsafnsmenn skulu á haustum víða að sæluhúsnum hrísi eða lurkum, ef hægt er. Hver sem um sæluhús gengur skal jafnan læsa því er hann fer þaðan. Ef það verður sannað á einhvern, að hann hafi gengið hirðulauslega um sæluhús, eða skemmt það á einhvern hátt, án brýnna nauðsynja, skal sá hinn sami bæta það að fullu. Hafi það verið gert af keksni eða öðrum illum hvötum, varðar það auk þess sektum, nema þyngri hegning liggi við.

## V. KAFLI

## Um réttir og réttahöld.

## 30. gr.

## Um skiptingu á réttum.

Réttir (lögréttir) eru þrennskonar: 1. aðalréttir, 2. skilaréttir og 3. aukaréttir. Aðalréttir eru þær, sem rekin eru til fjallsöfn úr fyrstu leit. Skilaréttir eru þær, sem rekin eru til eftirsöfn eða fjársöfn úr fleiri hreppum. Aukaréttir eru þær, sem rekin eru til fjársöfn úr smölunum í hverri sveit.

## 31. gr.

## Um aðalréttir.

Aðalréttir eru: Fyrir Hrunamannahrepp hjá Reykjadalaskoti, fyrir Gnúpverjahrepp hjá Skaptholti (Skaptholtsrétt), fyrir Skeiða- og Flóahreppa hjá Reykjum (Reykjarétt).

## 32. gr.

## Um skilaréttir.

Skilaréttir eru: Fyrir Hrunamannahrepp í aðalrétt þess hrepps, fyrir Gnúpverjahrepp í Skaptholtsrétt, fyrir Skeiða- og Flóahreppa í Dælarétt í Villingaholtshreppi.

## 33. gr.

## Um aukaréttir.

Aukaréttir eru: Fyrir Hrunamannahrepp í aðalrétt þess hrepps, fyrir Gnúpverjahrepp í Skaptholtsrétt, fyrir Skeiðahrepp á Hlemmiskeiði, fyrir Villingaholtshrepp í Þingdal, fyrir Gaulverjabæjarhrepp Vallarrétt, fyrir Hraungerðishrepp að Skeggjastöðum, fyrir Sandvíkurhrepp í Litlu-Sandvík, fyrir Stokks-eyrarhrepp í Keldnakoti.

## 34. gr.

## Um viðhald á réttum.

Viðhald á öllum réttum hvílir á þeim, er þá rétt sækja, eftir réttri tiltölu. Skal sýslunefndin hafa umsjón með Reykjarétt og Dælarétt, en hreppsnefndirnar í hinum hreppunum, hver með þeirri rétt sem þar er. Þó má kæra það fyrir sýslunefnd ef þeim er ekki vel við haldið, og heldur hún þá hlutaðeigendum til þess. Til þess að réttir sé í góðu standi heyrir það, að þær sé nægilega rúm-góðar og lögulegar, veggir vel staðilegir og nægilega háir, og að ekki standi vatn í þeim, þótt rigningar gangi, sér í lagi ekki í almenningsréttinni, svo og að þær sé í nánd nothæft vatnsból. Dilkar sé einnig í sama standi. Grind sé í almenningsdyrum og hurð á öllum diilkdyrum. Við hverjar aðalréttir og skilaréttir skulu utansveitarhreppar, þeir er þar eiga fjárvon, eiga dilka, rúmgóða og vel úr garði gerða. Skulu hlutaðeigendur sjálfir annast um viðhald þeirra

eftir fyrirsögn hreppsnefndar í þeim hreppi er réttin stendur í. Þeir sem leigðan 107  
 fá afrétt annarsstaðar en á sinum afrétti, sjái sér sjálfir fyrir nægilegu dilk- 15. sept.  
 rúmi, en hreppsnefnd í þeim hreppi, sem réttin er í, vísar á stað ef byggja þarf  
 nýjan dilk, eða réttarbóndi fyrir hennar hönd, sómuleiðis hvar taka má bygg-  
 ingarefni. Réttarbóndi hefir, að því leyti sem unnt er, eftirlit með því, að réttir  
 sé ekki að óþörfu skemmdar. Skemmdir á réttum varða bótum og sektum.

## 35. gr.

## Um réttafærslu.

Þar skulu réttir vera sem nú eru, nema meiri hluti þeirra búenda, er rétt  
 eiga að sækja, vilji flytja hana. Þó má ekki flytja aðalréttir fjær afrétti en nú  
 eru þær, svo að neinu verulegu muni. Til réttarflutnings þarf og samþykki land-  
 eiganda þess, er byggja á hjá, svo og sýslunefndar, ef um aðalréttir eða skila-  
 réttir er að ræða.

## 36. gr.

## Um réttatímann.

Aðalréttir Hrunamannahrepps og Gnúpverjahrepps eru haldnar fimmtu-  
 daginn í 23. viku sumars, en aðalréttir Skeiða- og Flóamanna daginn eftir. Skila-  
 réttir Hrunamannahrepps og Gnúpverjahrepps eru haldnar laugardaginn í 24.  
 viku sumars. Dælaréttir eru tvennar: Fyrri Dælarétt mánudaginn í 24. viku  
 sumars, en síðari Dælarétt síðasta sumardag, en þá er sumarauki er, réttri viku  
 fyr. Aukaréttir eru haldnar þá er hlutaðeigandi hreppsnefndir fyrirskipa.

Heimilt er að reka fé fram af afréttum fyr en hér er sagt, ef nauðsyn ber  
 til að dómi hlutaðeigandi hreppsnefnda, sökum náttúruviðburða, svo sem ösku-  
 falls, snjóa eða annara harðinda.

## 37. gr.

## Um smölun til rétta.

Smala skal vandlega heimalönd allra jarða fyrir allar skilaréttir og reka  
 úrgangsfé til rétta. Smölun fer fram:

1. Til skilarétta í Hreppunum: daginn fyrir þær.
2. Til fyrri Dælaréttar: um allann Flóa og Skeið laugardaginn næstan á uadan  
 henni.
3. Til síðari Dælaréttar: í öllum hreppum milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár)  
 miðvikudaginn næstan á undan henni.

## 38. gr.

## Um réttun afréttarfjár og byggðasafna.

Undir eins og fé kemur af afrétti skal rétta því:

1. Aðalsafni að afrétti Gnúpverjahrepps í rétt þess hrepps ásamt safni Skeiða-  
 manna og safni úr austurleit Flóamanna. Þó má réttun austurleitarsafnsins  
 ekki taka lengri tíma en 2 klst.

- 107** 2. Aðalsafni af Flóamannaafrétti í Reykjaréttum.  
 15. sept. 3. Aðalsafni af afrétti Hrunamannahrepps í rétt þess hrepps.  
 4. Eftirsafni af afrétti Hrunamannahrepps í rétt þess hrepps.  
 5. Eftirsmölun af afréttum Gnúpverja-, Flóa- og Skeiðahreppa, ásamt byggðarsafni Gnúpverjahrepps, fyrst í Skaptholtsrétt, þá í Reykjarétt og síðast í Dælarétt.

Á sama hátt rétta því fé, sem sótt kynni að vera til afrétta fyr en á venju-  
 legum tíma, sbr. 36. gr.

Austurleit Flóamanna er áskilin rekstrarleið fyrir fjallsafnið niður með  
 Þverá um Fossanes á Þjóðveginn, þar sem skemmst er og minnst til бага.

### 39. gr.

#### Um dráttarskyldu í réttum.

Skylt er hverjum fjáreiganda, eða þeim sem á fjárvon í réttum, að hafa þar  
 nægilega marga menn til að draga fé sitt, bæði í aðalréttum og skilaréttum, þar  
 á meðal báðum Dælaréttum, og hirða þar að loknum réttum það fé er þeir eiga.  
 Öllum sem afréttarnot kaupa er skylt að láta draga fé sitt í aðalrétt hlutaðeig-  
 andi sveitar, og óheimilt er þeim að láta það ganga ódregið í úrgangi til annarar  
 réttar.

### 40. gr.

#### Um lögreglu í réttum.

Allir, sem til þess eru kvaddir að sjá um að draga og hirða fé í réttum,  
 skulu vinna að því verki trúlega og kappsamlega, en ekki mega þeir draga meðan  
 inn er rekið. Allir, sem í réttir koma skulu hegða sér þar síðsamlega á allan  
 hátt og engar óspektir gera, svo og varast að tefja þá sem þar eiga að starfa að  
 því að hirða féð, nema brýna nauðsyn beri til. Fjallkongar í aðalréttum og hrepps-  
 nefndir, eða þeir hreppsnefndarmenn, sem sérstaklega hafa slíkt á hendi, í öllum  
 réttum, skulu sjá um, að allt fari fram með reglu, er lýtur að hirðing fjárens,  
 en önnur lögregla hvílir á sýslumanni og hreppstjórum. Skylt er sýslumanni að  
 vera í aðalrétt Flóamanna, til að halda þar reglu. En geti hann það ekki vegna  
 embættisanna eða annara lögmætra hindrana, setur hann annan mann í sinn  
 stað og tilkynnir það í tíma viðkomandi hreppsnefndum eða birtir það almenn-  
 ingi. Í öllum öðrum réttum ber hreppstjórum að halda lögreglu, nema sýslumaður  
 hafi í tíma kvatt til þess annan og tilkynnt það í tíma hlutaðeigendum.

### 41. gr.

#### Um úrgangsfé úr réttum.

Úrgangsfé úr öllum réttum, nema 2. og 3. Skaptholtsrétt, selja hlutaðeig-  
 andi hreppstjórar þegar að afloknum réttum.

Úrgangsfé úr skilarétt Gnúpverjahrepps reka eftirsafnsmenn Flóa- og  
 Skeiðamanna til fyrri Dælaréttar.

## 42. gr.

107

15. sept.

## Um ómarkað sauðfé í réttum.

Ómerkinga alla, er koma af afréttum, eða sem koma fyrir í byggð, skal reka til allra lögrétta. Þar skal vera til sérstök rétt til þess að draga þá í. Réttar- bændur skulu gæta þeirra á meðan á réttum stendur, nema öðruvísi sé um samið. Gera skal þar, með umsjón hreppstjóra, tilraunir til þess að lambamæður helgi sér ómarkaða dilka. Þá ómerkinga, eldri og yngri, sem enginn getur helgað sér eða sannað eignarrétt sinn á með óbrigðulum einkennum, eignast rétta- bændur í réttarlok, nema á annan veg sé ráðstafað af þeim. Um kalineyrt fé fer sem annað óskilafé, og sömuleiðis um ómerkinga, er koma fyrir eftir veturnætur.

## VI. KAFLI

## Um fjármörk og marklýsingar á óskilafénaði.

## 43. gr.

## Um fjármörk.

Til þess að geta sannað eignarrétt sinn á fénaði þurfa eigendur að hafa lög- heimil mörk á honum. Fjármörk eru: eyrnamörk, hornmörk og brennimörk. Eyrnamörk skulu vera á öllu fé, en hornmörk og eigin brennimörk því aðeins að eigendur vilji. Ekki mega menn eiga námerkt frekar en þörf gerist, og hefir sýslunefnd rétt til að kveða á um hversu námerkt má vera. Sá sem tekur upp mark eða flytur inn í sveit með mark sem er náð öðrum í sama afréttarfélagi, skal breyta marki sínu. Erfðamark ræður meira en nýupptekið mark, að öðru jöfnu. Öll eyrnamörk í sýslunni skal rita á skrá og prenta hana að minnsta kosti á 10 ára fresti. Annast sýslunefnd um það og tekur borgun fyrir hvert mark, er hún telur að nægja muni fyrir útgáfukostnaði. Rennur það í sýslu- sjóð, en hann ber kostnaðinn af prentun skrárinnar. Eigi má prenta í marka- bók neitt mark sem er afeyrt. Allir fjáreigendur skulu hafa sýslubrennimark og hrepps-brennimark á fé sínu, eftir því sem sýslunefnd segir fyrir um, og lætur hún prenta þau í markaskránni. Skal hver fjáreigandi hafa brennimerkt hverja þá kind sem er með hornum, áður en henni er sleppt eftir hinn fyrsta vetur, sem hún er fódruð, með brennimarki þess hrepps, sem hann býr í. Varðar það sektum til hlutaðeigandi sveitarsjóðs, 10 aura fyrir hverja kind, ef út af er brugðið. Þau mörk, sem tekin eru upp, eða mörk þeirra sem flytja inn í sýsluna milli þess að markaskrár eru prentaðar, skal prenta í Lögbirtingablaðinu, en jafnframt senda þau sýslumanni, er árlega fyrir réttir sendir þau öllum hrepp- stjórnum, en þeir auglýsa þau sveitungum sínum til þess að þeir geti ritað þau á eyðublöð aftan við markaskrár sínar.

Skyllt er að marka hross glöggu marki.

## 44. gr.

## Um markalýsingar.

Allir hreppstjórar rita markalista yfir það óskilafé sem þeir selja, og senda þá til birtingar í alla hreppa milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár), svo og í Grímsnes- og Biskupstungnahreppa.

Yfir allt það fé, er hreppstjórar fyr eða síðar á haustin hafa selt við almenn uppboð, og ekki hefir spurzt eigandi að, semja þeir markalista og senda þá einum manni, er sýslunefnd hefir tilnefnt, eigi síðar en fyrir árslok, en hann annast um að öll mörkin, ásamt samkynja mörkum úr ytra hluta sýslunnar, verði prentuð í einu lagi og í réttri röð í Lögbirtingablaðinu, eigi síðar en fyrir lok næsta febrúarmánaðar.

## 45. gr.

## Um borgun fyrir marklýsingar.

Fyrir að semja og senda markalista skal greiða hreppstjórnum í Hrunanna-, Gnúpverja-, Skeiða- og Villingaholts hreppum borgun eftir reikningi, er sýslumaður samþykkir. Aðrir hreppstjórar semja sína markalista borgunarlaust. Fyrir samningu aðalmarkalistans á óskilafé, sem prentaður er í Lögbirtingablaðinu, má borga á sama hátt. Kostnað þennan, ásamt prentunarkostnaði aðalmarkalistans, skal taka af andvirði hins selda fjár, ef nokkuð verður, en ella af sýslusjóði. Allir reikningar hér að lútandi skulu lagðir fyrir sýslunefndina.

## 46. gr.

## Um meðferð á óskilahrossum.

Óskilahross skal reka til aðalréttá og skilaréttá. Þau hross sem ekki ganga þar út skal hreppsnefnd koma í gæzlu gegn hæfilegri þóknun, er greiðist af eiganda þeirra eða andvirði. Hreppstjóri skal þegar skrifa upp mörk á þeim og senda í þá hreppa, sem helzt geta verið líkur til að hrossin sé úr. Verði þau ekki gengin út eftir 3 vikur, skal hreppstjóri selja þau við almennt uppboð, er auglýst sé í þeirri sveit og næstu sveitum með nægilegum fyrirvara. Síðan lýsir hreppstjóri þeim í Lögbirtingablaðinu með lit, auðkennum og marki, ef mörkuð eru. Þau óskilahross, sem finnast kunna á öðrum tíma árs, og eigandi þekkist ekki að eða býr utan hrepps, þótt þekktur sé, má afhenda hreppsnefndinni til ráðstöfunar, og lætur hún, ef henni svo sýnist, fara með þau sem önnur óskilahross. Hreppsnefndum er heimilt að láta halda hrossarétt haust og vor, þá er þeim þykir þurfa.

Andvirði óskilahrossa sem enginn getur helgað sér, innan þess tímatakmarks sem ákveðið er í 47. gr., rennur í sveitarsjóð þar sem gripirnir koma fyrir.

## 47. gr.

## Um útlausnarrétt og andvirðisgreiðslu óskilafjár.

Missiris útlausnarfrestur er á seldum hrossum, en enginn á sauðfé. Hross falla eiganda meðan útlausnarfresturinn stendur yfir. Andvirði seldra kinda og

gripa fá eigendur allt til septembermánaðarloka árið eftir að selt er, að frá- **107**  
dregnum öllum kostnaði. 15. sept.

## 48. gr.

## Um ómarkað fé og illa markað.

Eigi þarf að lýsa ómerkingum þeim, sem fyrir koma eftir aðalréttir og skilaréttir, né heldur því fé, sem er svo kalineyrt, eða brunnið á eyrum, sora- markað eða að öðru leyti svo illa markað, að markglöggir menn geta ekki gert úr markinu, og skal það allt selja sem óskilafé. En gefi eigandi sig fram og geti glögglega sannað eign sína, fær hann hana eða andvirði hennar að kostnaði frá- dregnum. Sama gildir um ómörkuð eða illa mörkuð hross sem sauðfé.

## 49. gr.

## Um leifar andvirðis óskilafjár.

Andvirði þess óskilafjár, sem kemur úr eftirleitum og ekki gengur út, rennur óskipt til þeirra hreppa, er eftirleitir annast. En það af andvirði annars óskila- fjár, sem enginn getur helgað sér innan hins ákveðna tíma og eigi hefir gengið í markalýsingakostnað, rennur í sveitasjóði hreppanna þannig, að Hruna- mannahreppur og Gnúpverjahreppur fá óskipt andvirði óskilafjár, sem þar er selt, en andvirði þess sem selt er í öðrum hreppum á svæði því, er reglugerð þessi nær yfir, skiptist milli þeirra eftir fjárframtali. Skulu hreppstjórar í þeim hreppum senda peningana sýslumanni eigi síðar en fyrir árslok næst eftir að greiðslufresturinn er útrunninn (sbr. 47. gr.), en hann skiptir þeim og stendur hlutaðeigandi sveitarsjóðum skil á andvirðinu, eigi síðar en á næstu manntals- þingum. Með samþykki sýslunefndar má verja meiru eða minna af fé þessu óskiptu til að greiða einhvern þann kostnað, er stafar af fjárskilum og varðar alla hlutaðeigandi hreppa.

## VII. KAFLI

## Um almenningssmalanir og millirekstra.

## 50. gr.

## Um vorsmalanir.

Tvisvar á vori hverju skal smala allan Flóa og Skeið á sama tíma, föstu- dagana í 5. og 8. viku sumars, og skulu hlutaðeigandi hreppsnefndir skipa fyrir um hvernig fé skuli rekið á milli og komið sem bezt til skila. Réttahöld geta þær og fyrirskipað, ef það þykir henta, og ráða þá allri tilhögun þeirra. Í hrepp- unum skal svo oft smalað og rekið á milli sem hreppsnefndirnar fyrir skipa, og réttir geta þær á sama hátt látið halda, ef ástæða þykir til.

## 51. gr.

## Um óskilafé á vorin.

Óskilafé sem kemur fyrir í síðustu vorsmölun skal reka til rétta. Innan-sveitarmenn hirða sitt fé, en utansveitarfé skal hlutaðeigandi hreppsnefnd láta ganga til eiganda eða reka til afréttar. Sé það fé í ull, skal það rúið, og ómörkuð lömb mörkuð, svo sem við verður komið. Kostnað við rúning og mörkun borga eigendur, og skal hreppsnefndum skylt að sjá um innheimtu þess, en kostnað við skil á fénu eða upprekstur skal telja með fjallskilakostnaði þess hrepps, er upp lætur reka.

## 52. gr.

## Um haustsmalanir.

Eftir veturnætur skal almenn smölun fara fram í öllum hreppum annan hvern þriðjudag, þar til er fé er tekið á gjöf, og jafnframt daginn áður á öllum fjallajörðum. Skal þá hver bóndi halda öllu því sauðfé og hrossum, sem aðrir eiga í landi hans, til réttarinnar í hreppnum, og því réttað þar smaladagana í Skeiða- og Flóa hreppum, en daginn eftir í Hrunamanna- og Gnúpverja hreppum.

Fyrsta smölun eftir veturnætur fari fram þriðjudaginn annan í vetri.

## 53. gr.

## Um skil á fénaði.

Hverjum bónda ber að hreinsa vel heimalönd sín af öllum óskilum við hverja almenningssmölun vor og haust, og halda öllu fé annara sem bezt til skila. Bregðist fyrirskipuð smölun hjá einhverjum, án þess að lögmæt forföll komi til, varðar það sektum. Verði einhver ber að því að smala illa heimalönd sín við almenningssmölun, hefir hreppsnefnd vald til að setja tilsjónarmann við smölun hans, eða þá að láta framkvæma hana, hvorttveggja á hans kostnað. Sé einhver svo mannfár, að hann geti ekki af eigin rannmleik smalað heimaland sitt, þá er boðið er, ber hreppsnefnd að útvega honum styrk til þess, ef fáanlegur er, á hans kostnað, nema því aðeins að sveitarfélagið vilji styrkja til þess ókeypis. Öll visvitandi vanskil á fénaði varða sektum, nema þau sé svo vaxin, að þyngri refsing liggja við.

## 54. gr.

## Um meðferð á fénaði.

Þess skal jafnan vandlega gæta, hvenær sem fé er smalað eða rekið á milli, réttað eða geymt, að fara svo vel með féð sem framast er unnt: eigi handleika það eða kvola meir en þörf gerist, eigi láta það standa inni í sveltum nema sem skemmst, eigi láta vera of þröngt um það né fara svo með það á annan hátt, sem getur hrjád það fram yfir þörf. Allar slíkar óþarfapýndingar ber að meta sem illa meðferð á skeppnum.

55. gr.

**Um óþrif á fénaði.****107**

15. sept.

Ef vart verður við einhver iskyggileg óþrif í fénaði, skal þegar taka það frá öðrum fénaði og tafarlaust tilkynna það hreppstjóra, er þá lætur rannsaka það og segir sýslumanni til, ef hætta þykir á ferðum.

**VIII. KAFLI****Um rekstra á sölufé.**

56. gr.

**Um rekstrarmenn.**

Hverjum rekstri skulu fylgja nægilega margir menn, vandaðir, duglegir og vel útbúnir. En það telst nægileg tala ef 2 menn reka allt að 100 fjár, 3 menn allt að 200 fjár og 4 menn allt að 400 fjár, og svo fleiri menn eftir líkri tiltölu ef fleira fé er rekið í einum rekstri, en ekki mega þeir jafnframt hafa annað á hendi, ef ekki er betur mennt. Ekki mega að jafnaði vera færri en 2 rekstrarmenn hversu fátt sem rekið er. Þó má einn maður reka, ef ekki eru reknar nema 15 kindur, þó aðeins með samþykki hreppstjóra þess hrepps sem rekstur er úr, og þarf sá er rekur að geta sýnt leyfi frá honum, ef krafizt verður.

57. gr.

**Um rekstrarforingja.**

Hvort sem rekstrarmenn eru fleiri eða færri, skal ávalt einn vera yfirmaður, er annist um að þessum rekstrarreglum sé hlýtt, og ber hann ábyrgð á því gagnvart þeim er kynnu að kæra, en aðgöngu á hann aftur að samrekstrarmönnum sínum, ef þeim er um að kenna. Þó hvílir ábyrgðin aðeins á hverjum einstökum rekstrarmanni er brýtur, er brotið er svo vaxið, að það á undir almennt hegningarlög.

58. gr.

**Um rekstrarmark.**

Allt fé í sölurekstrum skal vera auðkennt með ákveðnu rekstrarmarki, er sé svo glögg, að það sjáist tilsýndar í björtu, og svo traust, að það máist ekki af þótt votviðri gangi, og sé samskonar rekstrarmark á öllum kindum í sama rekstri.

59. gr.

**Um áning og áfanga.**

Reka skal hægt og gætilega, æja nógu oft og hafa áfanga eigi of langa. Eigi má æja í slægjulöndum meðan heyannir standa yfir, en úr því má æja hvar sem vill, hvort heldur í byggð eða óbyggð.

## 60. gr.

## Um vörn við því, að tjón verði af rekstrum.

Svo skal rekstrum haga, að sem minnstur bagi verði að, þeim er þau lönd eiga, sem um er rekið. Varast skal, að rekstrum lendi saman við annað fé, ef hjá því verður komizt. Eigi má halda áfram með rekstra úr því farið er að skyggja til muna, nema brýna nauðsyn beri til að ná í áfanga, og aldrei úr því dimmt er orðið. Svo má aldrei leggja upp með rekstra fyr en markljóst er orðið.

## 61. gr.

## Um rannsókn á rekstrum.

Nú ber svo til að öðru fé lendir saman við rekstur, og skal þá stöðva reksturinn, ef á ferð er, en ella halda kyrru fyrir og eigi leggja aftur af stað með hann, ef í byggð er, fyr en búið er að rannsaka hann af 2 tilkvöddum skilríkum mönnum. Getur enginn skorazt undan slíkri rannsókn, sem til þess er fær, og ber að gera það ókeypis, ef það tekur ekki yfir 2 klukkustundir, ella ber rekstrarmönnum að greiða þóknun fyrir, eftir úrskurði sýslumanns, ef á greinir, en aðgöngu eiga rekstrarmenn með þá borgun að eigendum fjárens, ef þeim hefir ekki verið sjálfum um að kenna.

## 62. gr.

## Um talning á rekstrinum.

Telja skal féð í rekstrinum hvenær sem viðstaða verður svo, að féð dreifi sér nokkuð til muna, bæði þegar staðar er numið og haldið af stað aftur. Vanti þá fé í reksturinn, skal gera aðvart um það á næsta bæ sem að er komið og biðja fyrir það, sem vantar. En ef fleira fé er komið í reksturinn en honum á að fylgja, skal á næsta bæ sem að er komið rétta reksturinn og skilja það frá, sem að hefir komið, og sjá til að það komist í áttþaga sína, eigendum að skaðlausu.

## 63. gr.

## Um óleyfilega fjártöku í rekstra.

Verði einhver sannur að því að hafa tekið fé annara í rekstur heimildarlaust, skal hann bæta það eigendum að fullu eftir samkomulagi, eða eftir mati óvilhallra manna, er sýslumaður tilnefnir, ef með þarf. Sannist það, að slíkt hafi verið gert af skeytingarleysi, varðar það sektum að auki, 1—5 kr. fyrir hverja kind sem þannig er tekin, til sveitarsjóðs þess hrepps, sem land á þar sem brotið er framið, nema því aðeins, að brotið eigi undir almenn hegningarlög.

IX. KAFLI  
Almenn ákvæði.

107  
15. sept.

64. gr.

Um úrskurðarvald.

Í öllum þeim atriðum, sem eigi er minnst á í þessari reglugerð, en eru samkyns eða skyld að efni, skulu hreppsnefndir ráða því, er snertir þeirra eigin sveitir, þó svo, að það komi ekki í bág við landslög né reglugerð þessa, né skerði skýlausan rétt annara sveitarfélaga. Bera skulu hreppsnefndir þau atriði, er að þessu líta, og þær hafa ástæðu til að ætla, að almenning varði, undir sveitunga sína, og ber þeim að taka sem mest tillit til óska almennings, ef þær eru á rökum byggðar, en skera verða hreppsnefndir úr sjálfar, ef á greinir. Sýslunefnd ræður í þeim atriðum, er hagsmunir tveggja hreppa eða fleiri í sýslunni koma í bág hverir við aðra. Þá getur hún veitt leyfi til, að hér að lútandi mál, sem að lögum bera undir hana, séu lögð í gerð. Stjórnarráðið ræður, ef í málum þessum greinir á við aðrar sýslur.

65. gr.

Um sektir og málssóknir.

Brot gegn reglugerð þessari varða 1—100 kr. sektum, sbr. þó 43. og 63. gr. Uppljóstrarmenn eiga heimting á fjórðungi sektar, en hinn hlutinn rennur í sveitarsjóð eða fjallskilasjóð þess hrepps, sem brot er framið í. Ef brotið er framið í afrétti, skal svo líta á sem brotið sé í þeirri sveit, sem næst liggur þeim afrétti, sbr. þó 16. gr.

66. gr.

Um ógildingu eldri ákvæða.

Með reglugerð þessari er úr gildi numin fjárskilareglugerð 22. júlí 1916 fyrir hreppana milli Þjórsár og Hvítár (Ölfusár) í Árnessýslu, svo og reglugerðir 10. september 1917 og 20. maí 1919 um breytingar á þeirri reglugerð.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Árnessýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 41. gr. sveitarstjórnarlaganna nr. 12, 1927, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 15. september 1934.*

**Hermann Jónasson.**

*Páll Pálmason.*